

Fundargerð 1. fundar efnisorðaráðs Gegnis föstudaginn 30. apríl 2004, stytt
Haldinn í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur kl. 14-16

Fundarmenn: Elísabet Halldórsdóttir, Guðný Ragnarsdóttir, Ragna Steinarsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir

690-692-693

Á 8. fundi skráningarráðs Gegnis var samþykkt að þegar samhljóða efnisorði í sameinuðum færslum eru bæði í sviði 690 og 692 skuli eyða út efnisorðinu í sviði 690. Á fundi efnisorðaráðs var ennfremur lagt til að orð í sviði 693 fyrir frjáls efnisorð úr Feng yrðu þar áfram og þangað yrði safnað öllum nýjum orðum sem hvorki finnast í 690 né 692. Þegar farið verður í frekari vinnu við gerð efnisorðaskrár verða þessi orð aðgengileg í sér skrá.

Fortengd efnisorð (strengir)

Fundurinn leggur til að notkun efnisorðastrengja verði hætt (deilisvið x og y). Héðan í frá verði ekki notuð undirefnisorð heldur ný svið, s.s. svið fyrir landfræðiheiti (651) eða tímabil (648). Fundurinn telur ekki ráðlegt að leggja mikla vinnu í fortíðarvanda, heldur einbeita sér að framtíðinni. Þegar leitað er í strengjunum í ítarleit finnast öll orðin.

Tímabil

Æskilegt er að tímabil séu í sér sviði og hægt verði að velja þau úr felliglugga og bæta við aðrar leitir. Svið 648 í marksniðinu er ætlað fyrir tímabil og ákveðið var að skoða það betur fyrir næsta fund. Athuga þarf hjá Landskerfi hvort ekki sé hægt að setja orð úr þessu sviði í felliglugga.

Bókmenntir

Skoða þarf bókmenntirnar betur og fá bókmenntafræðing til liðsinnis. Ekki er samræmi í Fengs- og Gegnisgögnum varðandi t.d. enskar bókmenntir, breskar bókmenntir, amerískar bókmenntir, írskar bókmenntir eða skoskar bókmenntir. Viðmiðunin er ýmist lönd eða tungumál, þ.e. bókmenntir frá ákveðnu landi versus bókmenntir á ákveðnu tungumáli. Rætt var um hvort hægt væri að kóða þjóðerni höfunda á einhvern hátt.

Fundargerð ritaði Ragna Steinarsdóttir